

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

19.10.2022

## Umsögn Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna um lög um Vísinda- og nýsköpunarráð; þingskjal 189 - 188.mál

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna gera alvarlegar athugasemdir vegna frumvarps til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð.

SFH lýsa miklum vonbrigðum með þær litlu breytingar sem hér eru fyrirhugaðar á fyrri lögum. Í raun er ekki um annað að ræða en nafnbreytingu og aðlögun ráðsins að breyttri hlutverkaskiptingu ráðherra. Hér virðist ætlunin að festa í sessi þá fordóma sem ríkjandi hafa verið gagnvart hugvitsfólki, með því að útiloka samtök þeirra áfram frá allri stefnumótun um vísindi og nýsköpun. Slíkt þjónar á engan hátt þeim markmiðum sem um getur í 1.grein frumvarpsins; að „styrkja íslenskt þekkingarsamfélag og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs“. Nýting íslensks hugvits er undirstaða þess að þau markmið náist, og útilokun hugvitsmanna frá stefnumótun nýsköpunar gerir störf ráðsins lítils virði.

Í 5.gr frumvarpsins er fjallað um „tilnefningarnefnd“, sem velur fulltrúa til skipunar í Vísinda- og nýsköpunarráð. Tilnefna skuli tveir fulltrúar háskólasamfélagsins; einn fulltrúi atvinnulífsins; einn fulltrúi launafólks og einn að eigin vali ráðherra. Enginn fulltrúi hugvitsmanna fær að koma að tilnefningum í það ráð sem móta skal stefnu í málefnum hugvits og nýsköpunar. Þetta fyrirkomulag, mun áfram útiloka aðkomu hugvitsfólks að ráðinu, líkt og verið hefur. Hugvitsmönnum hefur markvisst verið haldið utan vö alla stefnumótun í nýsköpun; bæði á vegum vísinda- og tækniráðs og á vegum síns ráðuneytis. Sú stefna virðist eiga að ríkja áfram, samkvæmt þessum frumvarpsdrögum, sem eingöngu þjónar málstað stórra hagsmunaaðila, en víkur þjóðarhagsmunum til hliðar. Með því er útilokað hin mikla og fjölbreytta reynsla og þekking sem hugvitsmenn búa yfir; útilokað að lagfærðir séu þeir gallar stjórnkerfisins sem hindra nýsköpun, og brotin jafnræðisregla stjórnarskrár með útilokun minnihlutahóps.

Gerð er tillaga um að í stað þess að háskólasamfélagið eigi tvo fulltrúa í tilnefningarnefnd skuli það eiga einn; og að í staðinn skuli einn einstaklingur tilnefndur af „almennum hagsmunasamtökum hugvitsfólks“. Undir þá skilgreiningu falla núna Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN; Félag kvenna í nýsköpun. Innan þeirra félaga eru margir einstaklingar sem falla undir skilgreiningu fyrri málsgreinar 5.gr; „með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar“. Þar eru bæði aðilar með mikla menntun á sviði nýsköpunarfræða og með áratuga reynslu af því að koma íslenskum hugvitsverkefnum í framkvæmd. Útilokun þess fólka frá stefnumótun er ekki vænlegt til árangurs í tækniþróun og nýsköpun.

Verði áfram litið framhjá hugvitsfólki við þessa lagasetningu og aðra stefnumótun væri æskilegt að breyta frumvarpinu á þann hátt að leggja ráðið niður. Betri kostur er fyrir stjórnvöld að hafa engan ráðgjafa, fremur en þann sem lítur framhjá grunnþörfum þjóðfélagsins.

Virðingarfyllst

Valdimar Össurason  
form. Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna